

Minjasafn Austurlands

Ársskýrsla 2010



Elfa Hlín Pétursdóttir
Michelle Lynn Mielnik

Minjasafn Austurlands

Ársskýrsla 2010



© Elfa Hlín Pétursdóttir og Michelle Lynn Mielnik 2011
Ársskýrsla Minjasafns Austurlands 2010
Skýrslur Minjasafns Austurlands XXI
ISSN 1670-8059
Ljósmynd á forsiðu er af Bríet Finnsdóttur í Brekkubaðstofunni.

EFNISYFIRLIT

Inngangur	4
Opnunartími safnsins	4
Starfsmannahald	4
Húsnæðismál og rekstur	4
Styrkveitingar	5
Grunnsýning	5
Aðrar sýningar	5
<i>Þrælkun, þroski, þrá</i>	5
<i>Snertisafn</i>	6
<i>Ljóðabærinn Egilsstaðir</i>	6
Safnfræðsla	7
<i>Verkefni</i>	7
<i>Smiðjutímar</i>	9
<i>Bygging torfbæjarlíkans</i>	10
<i>Samstarf við Egilsstaðaskóla</i>	10
<i>Nemendafjöldi</i>	10
<i>Námskeið í orkeringu</i>	11
Uppákomur og viðburðir	11
<i>Öskudagurinn</i>	11
<i>Páskafjör</i>	11
<i>Sumargleði</i>	12
<i>Íslenski safnadagurinn</i>	12
<i>Sumarblót</i>	12
<i>Ormsteiti</i>	12
<i>Víkingadagur við Geirsstaðakirkju</i>	13
<i>Dagur íslenskrar tungu</i>	13
<i>Dagar myrkurs</i>	13
<i>Bókavaka</i>	13
<i>Jólagleðin</i>	14
Ýmis starfsemi	14
<i>Kjarvalshvammur</i>	14
<i>EDGES</i>	14
<i>Samtímasöfnun – leikir barna</i>	15
<i>Heimasíða</i>	15
<i>Ráðstefnur, námskeið og fundir</i>	15
Skriðuklaustursrannsóknir árið 2010	16
Gestafjöldi	17
Stjórnarstörf	18
Innlán – útlán	18
Aðföng	18
Lokaorð	18

Inngangur

Starfssemi Minjasafn Austurlands árið 2010 var fjölbreytt og mikil. Starfsmenn hafa aldrei verið fleiri vegna fjarvinnslusamninga við Þjóðminjasafn Íslands, opnunartími var langur og met var í gestafjölda. Með hjálp frá sjálfboðaliðum var gangskör gerð í endurskipulagningu geymsla safnsins, safnfræðslan dafnaði og óx og faglegt starf safnsins almennt styrktist. En þetta var einnig ár erfiðrar fjárhagsstöðu og til þess að mæta því var m.a. hætt við að setja upp hina árlegu sumarsýningu og starfshlutfall safnstjóra var minnkað í 80% frá 1. ágúst. Hér á eftir verður fjallað um það sem helst bar til tíðinda á Minjasafni Austurlands árið 2010.

Opnunartími safnsins

Opnunartími safnsins var nokkuð óhefðbundinn þetta árið en yfir hásumarið, frá miðjum júní og fram í ágúst var gerð tilraun til kvöldopnunar, þá var safnið opið frá 11-21 mánudaga til fimmtudaga en til 17 hina daga vikunnar. Opnunartími yfir sumarið þess fyrir utan var alla daga frá 11-17 nema á miðvikudögum, þá var opið til 21. Yfir veturinn var opið á virkum dögum kl. 13-16 og eftir samkomulagi en vert er að nefna að starfsfólk safnsins var oftast á staðnum frá kl. 8 á morgnanna og tók að sjálfsögðu á móti þeim gestum sem í húsið komu á þeim tíma.

Starfsmannahald

Safnstjóri var sem áður Elfa Hlín Pétursdóttir en starfshlutfall hennar minnkaði frá 1. ágúst niður í 80% til að mæta þröngri fjárhagsstöðu safnsins. Michelle Lynn Mielnik var í 50% stöðu sem safnkennari og Edda Björnsdóttir sem safnvörður. Beata Fabian hélt áfram í fjarvinnsluverkefni fyrir Þjóðminjasafnið við innskönnun mynda. Þá var um mitt ár gerður annar samningur um eitt stöðugildi til 11 mánaða um fjarvinnslu. Það verkefni fólst í innslætti í Sarp úr lykilitum Þjóðminjasafnsins. Þau Kári Gunnlaugsson og Sigrún Blöndal voru ráðin til verksins. Heiða Ösp Árnadóttir var ráðin 1. mars í 40% starf við ræstingar í Safnahúsinu. Það var breyting frá því sem áður var þegar verktaki annaðist ræstingarnar. Héraðsskjalasafnið og Bókasafnið tóku þátt í kostnaði við hennar laun þó hún væri starfsmaður Minjasafnsins.

Húsnæðismál og rekstur

Í ársbyrjun lá fyrir sú ákvörðun bæjaryfirvalda á Fljótsdalshéraði að Bókasafn Héraðsbúa, sem, auk Minjasafnsins og Héraðsskjalasafns Austfirðingar er í Safnahúsinu á Egilsstöðum, skyldi flutt í nýbyggingu grunnskólans. Í því samhengi fór vinna í gang við að skipuleggja nýtingu efstu hæðarinnar og var fyrirhugað að Minjasafnið og Héraðsskjalasafnið myndu samnýta það rými. Eftir sveitarstjórnarkosningar vorið 2010 og myndun nýs meirihluta í sveitarfélaginu var hins vegar hætt við þann flutning og því eru húsnæðismál þau sömu.

Í september tók safnið á móti hóp af sjálfboðaliðum frá SEEDS sjálfboðaliðasamtökunum og var þeirra verkefni að endurskipuleggja fremra geymslurými safnsins þar sem stærri munir, húsgögn og annað er geymt. Það er skemmst frá því að segja að sú vinna gekk þrýðilega og í tengslum við hana voru verkstæði og vinnuaðstaða starfsmanna í kjallaranum máluð og lýsing bætt. Er þetta stór breyting til hins betra og vinnuumhverfið orðið allt annað.

Stjórnarformaður minjasafnsins, safnstjóri og ýmsir aðrir vöktu máls á þeirri hugmynd að haldið yrði áfram með byggingu Safnahússins á þá leið að burst nr. 2, sem koma skal ofan á grunninn sem hýsir munageymslur Minjasafnsins yrði reist og gerð fókheld. Þannig væri

hægt að leysa a.m.k. tvö aðkallandi vandamál, hægt yrði að koma fyrir lyftu í húsinu og komið yrði í veg fyrir þrálátan og óviðunandi vatnsleka í húsinu. Þetta þyrfti ekki að vera svo kostnaðarsamt og hægt yrði að þrýsta á um innréttingu húsnæðisins seinna þegar betur áraði. Að venju, þegar kemur að byggingarmálum Safnahússins, var engin ákvörðun tekin en hugmyndinni var samt ekki illa tekið af forsvarsmönnun á Fljótsdalshéraði. Þó er ljóst, eins og áður hefur verið sagt, að áður en farið er út í áframhaldandi framkvæmdir við Safnahúsið þarf að einfalda eignarhald á því.

Styrkveitingar

Fimmtudaginn 25. febrúar úthlutaði Menningarráð Austurlands styrkjum fyrir árið 2010. Minjasafn Austurlands fékk að þessu sinni hálfa milljón í sinn hlut vegna þriggja verkefna. Styrkurinn var vegna uppsetningar sýningar á Sómastöðum í Reyðarfirði í samstarfi við Safnastofnun Fjarðabyggðar, gerð upplýsingaskiltis við uppgraftrarsvæðið á Þórarinsstöðum í Seyðisfirði og áframhaldandi uppbyggingu við snertisafnið, en það er safn af gripum sem safngestir og nemendur mega snerta og vinna með. Þá styrkti Þjóðhátíðarsjóður frágang á Þórarinsstöðum og samfélagsstyrkir Alcoa sýningaruppsetningu á Sómastöðum.

Grunnsýning

Núverandi grunnsýning safnsins, Sveitin og þorpið, var opnuð árið 2006 og því komin nokkur reynsla á hana. Smávægilegar breytingar voru gerðar á henni, sérstaklega var endurraðað í einn glerskáp sem nú geymir ýmsar gersemar safnsins. Þá var unnið að þýðingu textans yfir á frönsku og undirbúin gerð almennilegs safnvísis en hann hefur aldrei verið prentaður. Fyrirhugað er að það verði gert fyrir sumarið 2011.

Aðrar sýningar

Rekstur safnsins á árinu var að mörgu leyti í járnnum, eins og í raun margra annarra stofnanna og fyrirtækja á Íslandi nú. Höfuðáhersla var lögð á að vernda störf og grunnstarfssemi safnsins og eitt af því sem ákvörðun var tekin um í því augnamiði var að setja ekki upp sérstaka sumarsýningu eins og venjan er. Því var sýningin „Dauðir rísa ... úr gröfum Skriðuklausturs“ sem opnuð var vorið 2010 ekki tekin niður enda áhugaverð sýning sem gestir voru almennt ánægðir með.

Þrælkun, þroski, þrá

Skjalasafn Austfirðinga/Ljósmyndasafn Austurlands fékk lánaða ljósmyndasýningu Þjóðminjasafns Íslands er nefndist *Þrælkun, þroski, þrá*. Eftirfarandi texti um sýninguna er fenginn af heimasíðu Héraðsskjalasafnsins (www.heraust.is):

Sýningin *Þrælkun, þroski, þrá* fjallar um börn við vinnu á sjó og í landi. Sýningin vekur spurningar um vinnumenningu og barnauppleði á Íslandi á fyrri hluta 20. aldar. Þar er kannað hvernig ljósmyndir geta breytt viðhorfi okkar til fortíðarinnar eftir því samhengi sem þær eru skoðaðar í. Þær kveikja umhugsun um vinnu barna, aðbúnað þeirra og vinnuskilyrði og samskipti sjómanna og barna. Hvenær breytast ævintýri og heilbrigð vinnumenning í þrælkun? Hvenær verða aðstæðurnar ófyrstíðanlegar fyrir lítil börn, líkamlega og tilfinningalega. Hvar liggja mörkin?

Á sýningunni getur að líta valdar ljósmyndir eftir íslenska ljósmyndara sem varðveittar eru í Ljósmyndasafni Íslands í Þjóðminjasafni. Enn á ný njótum við þess að fá innsýn inn í fortíðina í gegnum þennan ótrúlega og oft óútreiknanlega miðil sem ljósmyndin er. Ljósmynd sem

upphaflega átti aðeins að varðveita augnabliks minningu verður innblástur í rannsókn og færir okkur sögur úr fortíðinni sem annars hefðu glatast.

Sýningin Þrælkun, þroski, þrá byggir á stærri rannsókn sem Sigrún Sigurðardóttir menningarfræðingur vann í rannsóknarstöðu dr. Kristjáns Eldjárns við Þjóðminjasafn Íslands. Í tengslum við sýninguna gaf Þjóðminjasafnið út bókina Afturgöngur og afskipti af sannleikanum en í henni er fjallað um ljósmyndir sem menningarlegt greiningartæki og skoðað hvernig ljósmyndir móta sjálfsmynd, gildismat og viðhorf einstaklinga og þjóða. Sigrún er persónuleg í fræðilegri nálgun sinni, hún færir okkur augnabliksmyndir úr sínu eigin lífi ásamt því að fjalla um ljósmyndasöguna bæði innanlands og erlendis. Hún beitir nútíma greiningaraðferðum af öryggi og lýsir rannsóknnum sínum í lifandi og fróðlegum texta. Bókin minnir á vissan hátt á íslenska samræðuhefð, þar sem hver sagan tekur við af annarri og óvæntar tengingar færa mann á spennandi áfangastaði.

Snertisafn

Í kjallara Safnahússins var hins vegar sett upp *Snertisafn* sem hugsað var fyrir alla, unga sem aldna. Þar mátti snerta alla hluti og prófa t.d. víkingabúninga, ýmis spil, þreifikassa þar sem hönd er sett inn og reynt að ímynda sér hvað í því er með snertingunni einni saman, hægt var að prófa sauðskinnsskó og ganga á þeim á mismunandi undirlagi og ýmislegt fleira sem nýtt hefur verið í safnfræðslunni. Snertisafnið mæltist mjög vel fyrir, sérstaklega hjá fjölskyldufólki en oft mátti ekki á milli sjá, hverjir skemmtu sér betur, foreldrar eða börn.

Ljóðabærinn Egilsstaðir

Á þjóðhátíðardegi Íslendinga, 17. júní var verkefni sem kallast *Ljóðabærinn Egilsstaðir* hleypt af stokkunum. Um var að ræða samstarfsverkefni Minjasafns Austurlands og Menningarmiðstöðvar Fljótsdalshéraðs. Hvatinn var löngun til að skapa einhverja sérstöðu hér í bæ sem gestir tækju eftir. Hugmyndin kviknaði árið 2009 þegar sett voru upp á þremur húsveggjum á Egilsstöðum ástarljóð Páls Ólafssonar í tengslum við þáverandi sumarsýningu safnsins *Ást í hundrað ár*. Ákveðið var að útvíkka þessa aðgerð og setja upp ljóð vítt og breytt um sveitarfélagið og beina sjónunum að einu skáldi. Ekki leið á löngu þar til nafn Hákonar Aðalsteinssonar varð ofan á. Það var mikið gleðiefni hve vel húseigendur tóku í beiðni um að fá að setja upp ljóð á húsveggi þeirra, án þeirra stuðnings hefði verkefnið ekki getað orðið að veruleika. Voru sett upp vel á annan tuga ljóða.



Við opnunina fluttu þau Áslaug Sigurgestsdóttir og Björn Sveinsson nokkur kvæði Hákonar og að því loknu gengu gestir saman niður í Sláturhús og stoppuðu á nokkrum völdum stöðum og hlustuðu á þau fara með ljóðin á húsveggjunum.

Safnfræðsla

Safnkennslan virðist hafa skapað sér sess í námi barna, unglinga og fullorðinna á svæðinu og hefur safnkennari, Michelle Lynn Mielnik, verið önnur kafin við að undirbúa verkefni og taka á móti hópum. Á árinu voru skólakennarar á ýmsum skólastigum, kennaranemar og aðrir farnir að eiga frumkvæði að samstarfi við safnið. Skólahópar frá öllum skólum Fljótshálsbæjar, auk bæði grunnskóla og leikskóla frá Fjarðabyggð, hafa nýtt sér safnkennslu Minjasafnsins þetta árið. Vegna mikillar eftirspurnar eftir safnfræðslu hefur safnkennari, sem hefur verið í 50% starfi, þurft að vísa hópum frá eða bóka langt fram í tímann. Eftirspurn eftir safnfræðslu var gríðarleg fyrri hluta ársins og sinnti safnkennari hátt í þúsund einstaklingum með mikilli yfirvinnu þann hluta ársins, en þurfti þar af leiðandi að taka yfirvinnufri í september. Því var ekki unnt að bóka hóp aftur fyrir en í október.

Meira er um að kennarar nýti sér skipulögð verkefni safnkennara með ýmsum áherslum og sem hluti af námsefni nemenda frekar en viðbót eða sem tilbreytingu við „hefðbundið“ nám. Ýmsir bekkir hafa komið í fleiri en eina heimsókn á safnið í tengslum við námsefnið sitt. Kennaranemar hafa unnið verkefni í tengslum við safnkennslu og heimsóknir á safnið. Fullorðnir í handverki eða hönnunarvinnu hafa einnig komið á safnið og hitt safnkennara vegna ákveðinna gripa eða mynstra sem þeir hafa áhuga á að skoða.

Styrkur fékkst frá Menningarráði Austurlands sem nýttist vel í að byggja snertisafnið enn frekar upp, s.s. að láta smíða eftirlíkingu af langspili, sauma sauðskinnsko og kaupa víkingahjál. Hafa þessir munir komið sér vel í kennslunni og vakið mikla athygli hjá ferðamönnum um sumarið.

Verkefni

Eftirfarandi tafla sýnir fjölbreytt verkefni sem hafa verið nýtt á árinu af ýmsum aldurshópum. Í sum verkefnum hafa margir hópar komið með mismunandi áherslum eftir hópum og kennurum.

Viðfangsefni	Hópar	Stutt lýsing
Matur og áhöld	Allir aldurshópar	Í tengslum við þorrann. Hvernig voru matarhefðir og geymsluaðferðir áður fyrir. Áhöld skoðuðu og sum prófuðu. Nemendur bera saman nútímaáhöld og eldri, t.d. spón og skeið eða kókflösku og kút.
Barnið í gamla daga	Leikskóli og 1.-4.bekkir	Heimilislíf, vinna og leikur barna áður fyrir. Hvernig var stórfjölskyldan, hvaða hlutverk höfðu allir og við hvað unnu börnin? Hvernig léku þau sér? Gestir sýna ýmsa tækni og segja frá. Börnin „upplifa“ einn dag í lífi barns áður fyrir með því að vakna inni í baðstofunni, klæða sig í

		sauðskinnskó og taka þátt í verkefnum, matmálistímum, hádegislúr, leik og kvöldskemmtun.
Innanhúsarkitekt	Menntaskóli	Skoða og velta fyrir sér byggingu, uppsetningu, hönnun og formi innanhúsmuna.
Textíll / hannyrðir	Fullorðnir / Hússtjórnarskólinn	Mismunandi dæmi um textíl á safninu skoðuð auk ýmissa sérvalda stykkja, prjóna- og saumavara.
Vikivakar og dansleikir	Allir aldurshópar	Ýmsir dansar kenndir, vikivakar og gömlu dansarnir. Einnig farið í dansleiki eins og Hér er kominn Hoffinn og marseringu.
Víkingar og rúnir	Miðstig grunnskóla	Daglegt líf víkinga. Hvernig voru leikir, íþróttir, tónlist, fatnaðar, matur, vopn, hefðir, verkaskipting o.fl. á landnámsöld og tímum víkinganna? Rúnir skoðaðar auk sögu þeirra og túlkunar, reynt að skrifa eða tálga rúnir, spáð með rúnum o.fl.þ.h.
Útsaumur	Unglingastig grunnskóla	Nemendur skoða ýmis dæmi um útsaumsgerðir á safninu. Velja sér verkefni til að sauma, t.d. kodda, bókamerki, armband, símahulstur o.þ.h. Velja sér útsaumsgerðir. Hanna og sauma í stykki.
Sauðkindin og tóvinnan	Grunnskólar	Hlutir tengdir sauðkindinni skoðaðir, leikin saga sem lýsir tóvinnu, ýmsir hlutir prófaðir, s.s. kambar, rokkur, snældar o.s.frv.
Dauðinn	Grunnskólar (menntaskóli)	Í tengslum við nýju sýningu safnsins og hvað verður um okkur og dýrin eftir andlát, beinagrindarpúsl og búin til beinagrind úr leggjum, hornum og kjálkum.
Fornleifauppgröftur	6.-10.bekkir	Tenging við sýningu á uppgræftri frá Skriðuklaustri, leika fornleifafræðinga með því að grafa, mæla og skrá.
Þrælkun, þroski og þrá	Allir aldurshópar	Skoða myndasýningu sem Skjalasafnið var með í láni og hékk í Safnahúsinu. Umræður um vinnu barna nú til dags og svo verkefni um hvað er hægt að lesa út úr myndunum, samanburður við aðstæður nútímabarna.
Nýsköpun og þróun hluta	Allir aldurshópar	Skoða þróun ákveðinna hluta í tengslum við nýsköpun, s.s. þróun ljósgjafa, skófatnaðar, eldhúsáhalda, ýmissa verkfæra o.þ.h.
Saga Egilsstaðabæjar	Allir aldurshópar (en mest notað hjá yngstu)	Farið í gegnum sögu Egilsstaðabæjar með myndasýningu og stóru léreftskorti af bænum sem nemendur hengja myndir inn á jafnóðum og sjá hvernig og hve hratt bærinn stækkaði á tímabilum.

Lög, Alþingisbækur, Fornbréf, Manntöl og Vesturfaraskrá	Mið- og elsta stig grunnskóla menntaskóla	Leitað að ákveðnum atriðum eða flett af forvitnissökum í bókum frá Skjalasafninu. Nemendur sem þekkja til eða eru frá sveitabæjum leita að íbúum þar eða íbúum sem fóru þaðan vestur.
Dýrin okkar	Leikskóli og 1.-3.bekkir	Mynda- og orðaspjaldaratleikur til að finna ýmislegt sem tengist mismunandi dýrum. Rætt um þá hluti og dýrin í tengslum við sögu lands og þjóðar. Kindur, hestar, naut, hreindýr, fiskar, tófur, selir og rjúpur. Búa til súlurit eða myndrit sem sýnir hve marga muni nemendur fundu í tengslum við ákveðin dýr.
Leikir og spil	Allir aldurshópar	Farið í nokkra leiki saman og svo spilað. M.a. er í boði hnefatafl, mylla, sögulegt veiðimannaspil, lauma, hundur og víkingakubbur.
Snorri Sturluson	Miðstig grunnskóla	Ævi Snorra Sturlusonar leikin. Áherslur úr sögu hans og höfðingjatímabilinu. Nemendur eru ósýnilegir leynivínir Snorra. Hann getur talað við þá og svarað spurningum þeirra. Þeir taka einnig þátt í sumum atriðum. Milli aldurskeiða, þ.e. meðan safnkennari skiptir um búning og aðstæður skoða nemendur ýmsan fróðleik um Snorra, goðorð og bókmenntir.

Smiðjutímar



Boðið var upp á smiðjutíma einu sinni til tvisvar í viku í samstarfi við Grunnskólann á Egilsstöðum. Sem dæmi má nefna að nokkrir nemendur úr 5.-7.bekkjum mættu reglulega til að æfa kvæðasöng fyrir öskudag. Síðan fengu þeir leyfi til að fara ásamt safnkennara á nokkrar stofnanir og í fyrirtæki foreldranna til að flytja örtónleika með tvírödduðum söng. Voru bæði nemendur og áheyrendur ánægðir með árangurinn og höfðu gaman af að heyra öðruvísi söng þennan dag. Unglingar úr 8.-10. bekkjum, bæði piltar og stúlkur, mættu í útsaumssmiðju. Í henni skoðuðu þeir mismunandi útsaumsgerðir á safninu, völdu sér aðferð og verkefni og saumuðu sér stykki. Nemendur lærðu ýmist refilssaum, gamlan krossaum eða glitsaum og náðu allflestir að ljúka við verkin sín.

Bygging torfbæjarlíkans

Á vordögum Grunnskólans á Egilsstöðum í maí /júní 2010 tóku 13 nemendur úr 8.bekk þátt í að reisa líkan af Galtastöðum fram á lóð Safnahússins. Þeir byrjuðu á því að fara í heimsókn í Galtastaði og skoða þar aðstæður og byggingartækni. Síðan skiptu þeir með sér verkum og unnu hörðum höndum að því að moka, hlaða, smíða og reisa líkanið. Auk þess sáu þeir um



skiltagerð með upplýsingum um bæinn sjálfan og almennt um torfbæi ásamt því að undirbúa formlega opunarhátíð. Á henni héldu nemendur ræðu, spiluðu á langspil og höfðu fengið Ólaf Ragnar, forseta Íslands, til að vera viðstaddur. Hann lýsti yfir ánægju með verkefnið og framtak nemenda auk þess sem hann skýrði frá þeirri skoðun sinni hve merkilegur íslenski torfbærinn væri með tilliti til byggingararfleifðar nútímans.

Samstarf við Egilsstaðaskóla



Um haustið var fastmótað samstarf við Grunnskólann á Egilsstöðum. Nemendur úr 5.-7.bekkjum mættu einu sinni í viku í 5-6 skipti í tálgun. Þeir skoðuðu ýmis áhöld á safninu og tálguðu sér síðan sleifar, rúnaplötur, þingboðsaxir, skartgripir o.fl. Í næstu lotu mættu unglingar úr 9.-10. bekkjum tvisvar í viku í 10 vikur til að kynna tóvinnunni. Þeir útveguðu sér eigin ull, fræddust um og lærðu sjálfir að þvo, tæja og toga, kemba, lyppa og spinna hana og sköpuðu að endingu eitthvað úr henni. Afrakstur þeirra var til sýnis í glerskápnum á 3.hæð (fyrir fram bókasafnið) frá lokum janúar til marsbyrjunar árið 2011.


Nemendafjöldi

Í mörgum verkefnum er lögð áhersla á að hafa nemendahópa litla til að hver og einn fái að njóta sín betur og ná meiru út úr heimsókninni en gerist í stórum hópum. Þannig voru nemendahópar oft fámennari en áður og hópunum fjölgaði að sama skapi. Þá fjölgaði ferðum safnkennara í skólana bæði vegna þess að erfitt er að lána suma hluti án fylgdar og sveitaskólarnir eiga erfiðara með að senda nemendur á safnið vegna niðurskurðar í aksturskostnaði. Náði safnkennari því að sinna 1133 einstaklingum í skólaheimsóknum á safnið og 593 einstaklingum í safnfræðslu í skólunum, en alls skiptust þeir í 115 hópa.

Að auki tók safnkennari stóran þátt í að skipuleggja sérstaka daga fyrir almenning, s.s. öskudagssmiðju, páskagleði, sumardaginn fyrsta, víkingadag, dag íslenskrar tungu og jólagleði fjölskyldunnar. Gestir þá daga voru tæpir 400.

Samtals vann safnkennari því að safnfræðslu fyrir rúmlega 2100 einstaklinga á árinu, sem þýðir fjölgun um rúmlega 1000 manns á árinu, eða meira en 100% fjölgun. En eins og þegar hefur komið fram, var það gert með yfirvinnu þar sem hálf starfshlutfall nægði ekki til að sinna öllum þeim er óskuðu eftir safnfræðslu.

Taflan fyrir neðan sýnir hvernig safnfræðslan dreifist yfir mánuðina. Einnig er gerður greinarmunur á þeim hópum sem tengdust almenningsfræðsludögum, fengu safnfræðslu í skólana til sín og þeim sem komu í heimsóknir á safnið.



Ólíklegt er að búast megi við slíkum fjölda í tengslum við safnfræðslu árið 2011 vegna annarra verkefna sem safnkennari mun einnig sinna. Ánægjulegt er að flest börn, unglingar og jafnvel margir fullorðnir á svæðinu hafa notið einhvers konar safnkennslu á árinu og bíða jafnvel spennt eftir næstu heimsókn.

Námskeið í orkeringu

Boðið var upp á námskeið í orkeringu í mars í samstarfi við Þekkingarnet Austurlands. Þar kenndi Sveinbjörg Sveinbjörnsdóttir hópi af konum grunnaðferðir orkeringar, þ.e. að hnýta blúndur og dúka með þar til gerðri skyttu. Námskeiðið tókst vel þó að nemendur hafi náð misgóðum tókum á þessari skemmtilegu hannyrðatækni.

Uppákomur og viðburðir

Nokkrir árlegir viðburðir hafa fest sig í sessi á safninu. Páskafjör, sumargleði og bókavaka eru þar á meðal, auk Dags íslenskrar tungu, Daga myrkurs og Jólagleði fjölskyldunnar. Tugir gesta leggja leið sína í safnið þá daga og njóta þess sem í boði er.

Öskudagurinn

Á árinu var almenningi boðið upp á að koma á safnið í tengslum við Öskudag, fræðast um hann, sem og Bolludag, Sprengidag og föstuna og sauma sér öskupoka. Mættu aðallega fullorðnir með börn og þótti skemmtilegast að láta alvöru ösku í pokann.

Páskafjör

Hið árlega Páskafjör Safnahússins var haldið laugardaginn 27. mars og mættu um 120 manns. Börn voru þar í miklum meirihluta. Gestum var boðið upp á að fræðast um páskana,

lita soðin egg, flétta körfur og búa til blóm úr handafari hvers og eins. Ákveðið var að endurtaka eggjaleit fyrra árs á bókasafninu og vakti hún mikla ánægju. Boðið var uppá kaffi og með því sem rann ljúflega niður í gestina.

Sumargleði

Safnið fékk marga góða gesti Sumardaginn fyrsta. Formleg dagskrá var samansett af atriðum sem nemendur úr grunnskólanum á Egilsstöðum tóku þátt í, m.a. upplestri Rebekku Karlsdóttur og Sigurbjörgu Lovísu Árnadóttur – sigurvegurum úr Upplestrarkeppni 7. bekkja, þjóðdönsum hjá nemendum 8. bekkja og söng 4. bekkja kórsins. Auk þess var gestum boðið upp á veitingar og sumargjafir, en að þessu sinni gátu þeir dregið stund hjá Oddbjörgu spákonu, nudd hjá Fjólu eða tónlist í baðstofunni þar sem Elfa spilaði á blokkflautu og Michelle á langspil.



Íslenski safnadagurinn

Að vanda var Íslenski safnadagurinn haldinn 2. sunnudaginn í júlí. Þá er vakin athygli á starfssemi íslenskra safna og bjóða þau flest öll gestum sínum ókeypis aðgang þann daginn. Dagurinn hefur unnið sér sess meðal Íslendinga sem heimsækja söfn sín þann daginn og var það enginn undantekning þetta árið.

Sumarblót

Á þriðjudagskvöldum á tímabilinu 29. júní til 10. ágúst var stefnt að því að bjóða upp á dagskrá fyrir gesti, sk. *Sumarblót*. Skyldu gestir fá fræðslu um líf og hefðir Íslendinga áður fyrr á þorranum, fá innsýn í heimkynni fólks, hvernig tekið var á móti þorra og hvaða merkingu sá árstími hafði fyrir marga. Einnig fylgdi fróðleikur um þorrablót og kenndur var einfaldur vikivaki. Í lokin var svo boðið upp á hákarl og harðfisk og að því loknu voru sýningar safnsins skoðaðar. Dagskrá skyldi hefjast kl. 19.30, verð var 1.000 kr. fyrir fullorðna og 600 kr. fyrir börn yngri en 16 ára og ellilífeyrisþega. Því miður, líklegast af mismunandi orsökum, tókst þetta ekki sem skyldi, þ.e. aðsókn var mjög slæm og í raun aðeins einu sinni sem þetta var haldið í raun.

Rætt var um mögulegt væri að reyna að selja þetta frekar beint til ferðaskrifstofa eða vera í nánari samvinnu við hótél og gistihús á svæðinu.

Ormsteiti

Að venju tók Safnahúsið þátt í Ormsteitishátíðinni og hvíldi framlag þess að mestu á herðum starfsfólk Héraðsskjalasafnsins að þessu sinni. Það setti upp sýninguna *Austurland fyrir 20 árum* sem byggði á myndskleiðum af atvinnu- og menningarlífi á Austurlandi í kringum 1990.

Um var að ræða myndefni frá Austfirsku sjónvarpsfélaginu og höfðu þau Heiður Ósk Helgadóttir og Hjalti Stefánsson veg og vanda af sýningunni.

Víkingadagur við Geirsstaðakirkju



Laugardaginn 28. ágúst mættu rúmlega 30 gestir, sumir á vélknúnum farartækjum og aðrir á hestbaki, á svokallaðan víkingadag við Geirsstaðakirkju í Hróarstungu. Þar gátu gestir skoðað svæðið, prófað spil og leiki, fengið sér bygglummur og kjötsúpu, klætt sig í búninga og skoðað ýmsar bækur um víkingatímann. Sýndu bændurnir á Litla-Bakka (Gunnar og Dís) gestum hvernig slegið var með orfi og ljá og strokkað. Dr. William R. Short

gladdi okkur með aðstoð og þátttöku sinni aftur, en hann var einmitt staddur á Austurlandi í lok ágúst. Hann kenndi gestum knattleikinn eins og hann var spilaður áður fyrir auk bardagatækni með tilheyrandi vopnum. Gestir hlýddu á stuttan kvæðasöng – nokkur erindi úr Ólafs rímu Haraldssonar og lærðu vikivaka. Í lokin fengu gestir sér stuttan göngutúr að Litla-Bakka þar sem Gunnar sýndi öllum vígða Gvendarbrunninn og fengu þeir sem vildu sér sopa af því tæra og heilsusamlega vatni sem rennur þar í gegn. Virtust allir gestir finna eitthvað við sitt hæfi og þótt fremur kalt væri í veðri var þurrt og sólin gægðist í gegnum skýin einstöku sinnum.

Dagur íslenskrar tungu

Að þessu sinni voru æfingar fyrir árshátíð og fleira hjá skólunum á fullu þann 16. nóvember þannig að gestir voru færri þennan dag en í fyrra. Í boði voru ýmis orða- og stafaspil, önnur krossgáta o.þ.h. Einn skólahópur vildi þó ekki missa af þessum verkefnum og óskaði eftir að fá að koma í þetta verkefni viku seinna í staðinn. Næsta haust verður að meta hvort ástæða verður til að bjóða upp á sérstakan dag í tengslum við dag íslenskrar tungu, en bókavakan er oft um svipað leyti.

Dagar myrkurs

Á Dögum myrkurs var boðið upp á dagskrána *Kæru hlustendur* laugardaginn 13. nóvember. Dagskráin var tileinkuð 80 ára afmæli Ríkisútvarpsins. Flutt voru brot úr verkum nokkurra höfunda, þar sem útvarpið kom við sögu, og inn á milli blandað fróðleik frá starfi þess fyrstu 30 árin. Útvarpskvartettinn var á staðnum og flutti dægurmúsík frá fyrri tíð. Kvartettinn skipa þau Charles Ross, Suncana Slamnig, Áslaug Sigurgestsdóttir og Sigurbjörn Snæþórsson. Starfsfólk Safnahússins sá um upplesturinn eins og oft áður en Arndís Þorvaldsdóttir átti að mestu heiðurinn af því að setja saman dagskránni. Mæting var ágæt og stemmningin skemmtileg.

Bókavaka

Hin árlega Bókavaka var haldin í Safnahúsinu fimmtudagskvöldið 2. desember. Þar var að venju lögð áhersla á austfirsku útgáfa. Sex eftirtaldir bækur voru kynntar sérstaklega en sagt frá öðrum nýútkomnum bókum með fyrrnefnda austfirsku tengingu:

- *Það reddast. Sveinn Sigurbjarnarson ævintýramaður á Eskifirði lítur um öxl, skráð af Ingu Rósu Þórðardóttur.*
- *Fjallabytur. Úrval úr ljóðum Hákonar Aðalsteinssonar.*
- *Sveppabókin. Íslenskir sveppir og sveppafræði eftir Helga Hallgrímsson.*

- *Fólkið í plássinu* eftir Mía Karlsson.
- *Jörðin kallar á börnin sín* eftir Sigurjón Jónsson frá Snæhvammi.
- *Austan um land* (2. útgáfa) eftir Sigurð Óskar Pálsson.

Jólagleðin

Jólagleði safnsins þurfti að „keppa“ við ýmsar aðrar upptökur þetta árið, m.a. var verið að kveikja á jólatrénu hjá Samkaupsversluninni. Margar fjölskyldur létu sig samt ekki vanta, enda margt skemmtilegt í gangi þennan dag í Safnahúsinu. Gestum var boðið upp á að föndra jólapoka, skera út laufabrauð, búa til einfalda greinakransa og skraut úr leir hjá henni Línu (Jacquelin). Einnig gátu menn notið veitinga eða skoðað bækur á bókasafninu. Og að sjálfsgöðu mættu Grýla, tveir jólasveinar hennar og jólakötturinn til að hrista svolítið upp í fólkinu. Dansað var í kringum jólatré og að lokum rak Grýla syni sína út í snjóinn aftur til að undirbúa sig fyrir komandi hátíð.



Ýmis starfsemi

Kjarvalshvammur

Sótt var um styrki til viðhalds og endurgerðar í Kjarvalshvammi og gleðilegt var að fjárlaganefnd veitti safninu 2 milljónir til þessa verks auk þess sem Menningarráð Austurlands, Þjóðhátíðarsjóður og Ferðamálastofu styrktu verkefnið eins og segir í ársskýrslu 2008. Leitað var til landslagsarkitektsins Björns Jóhannssonar um hönnun svæðisins en fengnar ráðleggingar frá Húsafriðun um hvernig standa skyldi að endurbótum á húsunum. Þá var Rannveig Þórhallsdóttir ráðin til að vinna að efnisöflun fyrir upplýsingaskilti. Vegna tímaskorts náðist ekki að ljúka verkefninu á árinu en það var þó í góðum farvegi og fyrirhugað að því ljúki 2010. Er það ánægjulegt að þessum merka stað verði á ný sá sómi sýndur sem hann á skilið.

EDGES

Safnið hefur síðustu ár verið hluti af samstarfi á sviði menningarmála milli Austurlands, Vesterålen í Noregi og Donegal sýslu á Írlandi. Voru t.d. sumarsýning safnsins 2008 og heimasíðan www.woolandsheep.com hluti af því samstarfi. Þau verkefni voru hugsuð sem einhvers konar prufuverkefni að stærra verkefni sem kallast *EDGES: three sides of the same sea*. Meginmarkmið þess verkefnis er að leita nýrra leiða til að tengja saman menningararf og samtímalist, bæði innan svæða og milli þessara þriggja strandhéraða. Tilgangurinn er m.a. að efla svæðisvitund í alþjóðlegu samhengi og mynda tengslanet milli listamanna af yngri

kynslóðinni. Sótt var um stóran styrk til Evrópusambandsins árið 2009 sem því miður fékkst ekki. Í janúarlök 2010 var því haldinn fundur á Austurlandi þar sem fulltrúar „menningarráða“ svæðanna, safnanna og listrænir stjórnendur í hverju landi fyrir sig hittust, réðu ráðum sínum og tóku ákvörðun um framhald verkefnisins. Skemmst er frá því að segja að ákveðið var að halda því áfram og á árinu settu Norðmenn upp danssýninguna *Edge of the Pier* (Jaðar bryggjunnar) og Írar tónverkið *Edge of the Sea* (Jaðar hafsins). Hér á Íslandi var leikkonan Halldóra Malin Pétursdóttir ráðin sem listrænn stjórnandi og kviknaði sú hugmynd, út frá þemanu Jaðar ímyndunaraflsins (*Edge of the Imagination*) að gaman væri að vinna út frá hugmyndum huldufólks á mannheimum og setja upp myndlistarsýningu sem væri n.k. safn sem miðlaði fyrrnefndum hugmyndum. Sumarið 2010 fóru svo Elfa Hlín, Signý Ormsdóttir fyrir Menningarráðið og Halldóra Malin til Norðfjarðar og skoðuðu mögulegt húsnæði. Margt spennandi var mögulegt en ákveðið var, í samráði við Pétur Sörensson hjá Safnastofnun Fjarðabyggðar, að setja upp sýningu í gamla Náttúrugripasafninu sumarið 2011.

Um haustið var unnið að því að sækja um styrki til að fjármagna verkefnið hér á Íslandi, en eins og áður segir beið framkvæmd þess til ársins 2011.

Samtímasöfnun – leikir barna

Áfram var unnið að samtímasöfnunarverkefninu *Leikjum barna* sem sjö söfn auk Þjóðfræðistofu eru aðilar að. Á árinu voru haldnir þrír fundir þar sem fjallað var um hvernig söfnun gekk, hvar vantaði uppá, skráningarleiðir og annað sem nauðsynlegt væri til að markmið verkefnisins næðust. Fulltrúar Minjasafnsins, Elfa Hlín og Michelle, mættu, önnur eða báðar, á þessa fundi. Elfa Hlín er í ritstjórnarhópi en ljóst er að mest vinna í þeim hópi fer fram árið 2011 og helstu þættir árið 2010, auk funda, voru frágangur þeirra gagna sem söfnuðust hér á Egilsstöðum.

Heimasíða

Mikilvægur hlutur miðlunar safna er í gegnum veraldarvefinn og því er mikilvægt að hafa góða heimasíðu sem er bæði fræðandi og áhugavekjandi. Safnstjóri fór á námskeið í markaðssetningu í gegnum netið þar sem lögð var áhersla á samfélagsmiðla, s.s. fésbókina. Heimasíða safnsins, www.minjasafn.is, er sett upp í ókeypis hugbúnaði er nefnist Joomla. Hún er í dag keyrð á gamalli útgáfu og ljóst er að uppfæra þarf fljótlega í nýrri útgáfu, þar sem ýmislegt er hætt að virka sem skyldi. T.d. er erfitt orðið að setja inn ljósmyndir á síðuna. Heimsóknum fjölgaði frá fyrra ári og voru um 11.600 talsins.

Ráðstefnur, námskeið og fundir

Mikilvægi endurmenntunar og góðs samstarfs á breiðum grundvelli verður seint of oft ítrekað ef stefnt er að faglegu safnastarfi. Starfsfólk safnsins sótti því ýmis námskeið og fundi, má þar nefna Farskóla safnmanna í Stykkishólmi, Endurmenntunarnámskeið EHÍ og FÍSOS, námskeið í markaðssetningu á netinu og þá fór safnstjóri á vörfund safna á sviði Þjóðminjavörslu sem haldinn var að frumkvæði Þjóðminjasafns í fyrsta sinn.

Í apríl hittist austfirskt safnafólk á Breiðdalsvík á vegum safnaklasa sem styrktur var af Vaxtarsamningi Austurlands. Pétur Kristjánsson, safnstjóri Tækniminjasafns Austurlands er verkefnisstjóri fyrir klasann. Gott var að hitta fólk af sama svæði, skiptast á hugmyndum og horfa í sameiningu fram á veginn. Sérstaklega var horft til kynningarmála að þessu sinni. Sigurjón Baldur Hafsteinsson, lektor í safnafræði við HÍ hélt einnig erindi fyrir fundargesti um hugmyndina um safn sem Þjónustustofnun fyrir almenning.

Skriðuklaustursrannsóknir árið 2010

e. Steinunni Kristjánsdóttur

Uppgröftur á rústum Skriðuklausturs í Fljótsdal hefur staðið yfir frá sumri 2002. Markmiðið með uppgreftinum á Skriðuklaustri er að rannsaka byggingar og starfsemi klaustursins, sem rekið var á staðnum tímabilið 1493-1554. Um leið er ætlunin að kanna hvort það hafi greint sig frá öðrum samtíða kaþólskum klaustum, líkt og löngum hefur almennt verið talið um íslensk klaustur.

Uppgröftur sumarið 2010 stóð í tvo mánuði eins og áætlað var þ.e. tímabilið frá 21. júní til 20. ágúst, en styrkur Fornleifasjóðs var eingöngu nýttur til reksturs hans. Starfsmenn voru 15. Steinunn Kristjánsdóttir stjórnaði uppgreftinum en í hópnum voru, auk hennar, fjórir mannabeinafræðingar og einn forvörður. Aðrir voru menntaðir fornleifafræðingar eða nemar í fornleifafræði. Sex þeirra komu frá Háskóla Íslands en níu frá breskum og sænskum háskólum.

Flest rými klaustursins hafa nú verið grafin upp og eru útjaðrar rústa þess nú orðnir nokkuð ljósir. Lokið var við uppgroft á hluta klausturmúrsins að austanverðu og inngangi um hann nýliðið sumar. Eins var lokið við uppgroft á sjúkraskálanum en undir honum er skáli frá landnámsöld. Við eystri útvegg klausturrústanna fundust einnig leifar kofa, sem byggður var að líkindum seint á 19. öld eða eftir að gos varð í Öskju árið 1874. Inngangar í klaustrið hafa annars verið þrír. Lá einn þeirra sem fyrr segir inn í klausturgarðinn að austanverðu, annar lá í gegnum nyrðri langvegginn á milli matsals og eldhúss en sá þriðji um kirkjuna. Reglubræður gátu einnig gengið beint úr klausturhúsunum til kirkjunnar, um sn. næturtröppur, án þess að fara undir bert loft.


Grafnar voru upp 41 gröf en aldrei áður hafa jafnmargar grafir verið opnaðar á einu sumri. Lokið var við greiningu 15 þeirra og hafa skýrslur um þær verið birtar á heimasíðu Skriðuklaustursrannsókna (sjá Christina Brant 2010 og Glenn Ricci 2010). Ríflega 1000 gripir voru skráðir í fundaskrá uppgrafterins sumarið 2010. Er það svipaður fjöldi og undanfarin ár. Einn bíldur fannst en tveir samskonar bíldar hafa áður fundist á Skriðuklaustri. Fjórir aðrir hnífar fundust og var einn þeirra með útskornu skafti. Nokkuð fannst af leirkerjabrotum og unnum beinum. Brot úr bókarkápu fannst og á því bókarspennsl. Allir gripir voru forvarðir á staðnum.

Klausturlíf á Skriðuklaustri er óðum að taka á sig mynd að nýju en útlit er fyrir að uppgrefti ljúki haustið 2011, eftir 10 ára uppgroft á staðnum. Fram til þessa hafa allar fyrirbyggjandi teikningar verið unnar í tölvu og gengið frá skýrslum árlega. Einnig hefur verið lokið við að forverja alla gripi en þeir eru, ásamt beinum manna og dýra, varðveittir á Þjóðminjasafni Íslands. Fyrir liggur á næstu árum heildarúrvinnsla þeirra gagna sem þegar hefur verið aflað en þetta er í fyrsta skipti sem klaustur er grafið upp í heild sinni hérlandis. Þegar hafa 26 áfangaskýrslur, eitt greinasafn og 16 greinar hafa birst um rannsóknina á Skriðuklaustri síðan hún hófst árið 2002. Þrjár greinar bíða auk þess birtingar í innlendum og erlendum ritum. Loks hafa 47 fyrirlestrar hafa verið haldnir um niðurstöðurnar, innanlands og utan. Skýrslur, greinar og aðrar upplýsingar um rannsóknina er aðgengilegur á heimasíðu hennar á slóðinni <http://notendur.hi.is/sjk/SKR.htm>.


Gestafjöldi

Á árinu voru skráðar heimsóknir 4170, aðeins fleiri gestir en á síðasta ári. Safnfræðslunemendum fjölgaði, en einnig mættu fleiri heimamenn á upptöku safnsins þetta árið.

Hér fyrir neðan eru töflur sem sýna bæði skiptingu ferðamanna á þessu ári sem og samanburð milli ára.



Aðsókn eftir mánuðum 2010



Stjórnarstörf

Á árinu voru haldnir 3 stjórnarfundir. Í stjórn sátu þau Sigurjón Bjarnason, Sigríður Sigmundsdóttir og Gunnhildur Ingvarsdóttir fyrir Fljótsdalshérað, Kristjana Björnsdóttir fyrir Borgarfjörð eystri og Halldóra Tómasdóttir fyrir Fljótdalshrepp en varamaður hennar, Þórdís Sveinsdóttir tók við stjórnarsetu um mitt ár. Fundargerðir stjórnar má nálgast á heimasíðu safnsins.

Innlán – útlán

Eiðavinir, félagsskapur sem vinnur að gerð sögusýningar um Eiðar fékk að láni safnmuni frá Eiðum til langtímaláns. Ma þar nefna lágmynd, verðlaunabikar, gestabók, líkan af Eiðastað og fánastöng.

Þá fékk Helga Jóna Þorkelsdóttir textílmuni eftir Málfríði Jónasdóttur. Hún hafði þá til sýnis í tengslum við félags- og hannyrðastarf eldri borgara hér á Héraði.

Aðföng

Um fimmhundruð ný aðföng voru skráð á árinu, langstærstur hluti þeirra er frá Fjórðungssjúkrahúsinu í Neskaupsstað, sem safnið tók við árið 2009. Fullskráningu á þeim er ekki lokið, enda er oft um mjög sérhæfð tæki og tól að ræða sem þarf sérfræðipækkingu til að gera grein fyrir og kunna skil á.

Lokaorð

Gott og gagnlegt samstarf við nærsamfélagið hefur farið fram á safninu þetta árið og virðist vera jákvætt viðhorf manna til safnsins hvað varðar notagildi þess sem og skemmtunar- og fræðslugildi. Unnið hefur verið hörðum höndum að því að efla og víkka þetta samstarf. Jákvætt er einnig hve vel hefur tekist að sinna aðkallandi verkefnum eins og endurskipulagningu geymslurýmis, Kjarvalshvammi o.þ.h. Stefnum að áframhaldandi og uppbyggjandi samstarf við skóla og íbúa á næsta ári til að styrkja stöðu safnsins enn frekar.